



Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku

Skv. 3. gr. [reglugerðar um rétt nemenda í framhaldsskólum til kennslu í íslensku](#) skulu framhaldsskólar setja sér móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Áætlunin skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni, færni á öðrum námssviðum og af þeirri kennslu og stuðningi sem veitt er. Í móttökuáætluninni er meðal annars fjallað um innritun nemenda, samstarf við grunnskóla, fyrirkomulag móttökuvíðtals, gerð einstaklingsnámskrár og skipulag samstarfs milli kennara og sérfræðinga innan skólans.

Innritun nemenda

Nemendur innrita sig í gegnum heimasíðu Menntagáttar hafi þeir tök á því en geta annars komið á skrifstofu skólans og fengið aðstoð við umsóknina. Náms- og starfsráðgjafi hefur frumkvæði að því að boða nemendur ásamt foreldrum í móttökuvíðtal.

Móttökuvíðtal

Náms- og starfsráðgjafi skipuleggur móttökuvíðtal við hvern nemanda og foreldra hans. Túlkur verður viðstaddur ef þess er þörf og sér skólinn þá um að útvega hann. Í víðtalinu er upplýsinga um bakgrunn nemanda og aðstæður foreldra aflað til að geta mætt einstaklingsbundnum þörfum þeirra sem best. Ef nemandinn kemur úr íslenskum grunnskóla óskar náms- og starfsráðgjafi samþykkis forráðamanna fyrir upplýsingaöflun þaðan.

Nemanda og foreldrum eru veittar allar nauðsynlegar upplýsingar um starfshætti skólans, þjónustu og skólareglur. Einnig verður stuðningur sem stendur nemandanum til boða, bæði í formi náms- og starfsráðgjafar auk annars stuðnings, kynntur í víðtalinu. Náms- og starfsráðgjafi og umsjónarkennari eru nemanda, með annað móðurmál en íslensku, til aðstoðar og hittir umsjónarkennarinn nemendur sína að minnsta kosti einu sinni í viku. Í víðtalinu fá nemandi og foreldrar einnig upplýsingar um þá starfsemi sem skólinn býður upp á utan lögbundinnar kennslu eins og til dæmis það félags- og tómskundastarf sem nemendafélag skólans stendur fyrir.

Gerð einstaklingsnámskrár fyrir nemendur

Þeir áfangar sem nemandi skráist í eru valdir í samráði við hann og reynt verður eins og hægt er að hafa stundatöfluna í samræmi við áhugasvið nemanda. Allir nemendur sem eru með annað móðurmál en íslensku taka áfangakeðjuna ÍSA103... (Íslenska fyrir útlendinga). Þeim nemendum sem treysta sér til að taka áfangana ÍSL102/103 og áfram, er það heimilt.

Til að lágmarka hættu á félagslegri einangrun blandast nemendur af erlendum uppruna inn í aðra almenna áfanga.

Skipulag samstarfs milli kennara og sérfræðinga innan skólans

Samstarf er á milli kennara sem kenna nemendum með annað móðurmál en íslensku. Náms- og starfsráðgjafi eða umsjónarkennari miðla upplýsingum til þeirra kennara sem kenna viðkomandi nemendum.

Samþykkt 1. apríl 2011